


# Flautukvartettar Mozarts

Freyr Sigurjónsson flauta  
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla  
Martin Frewer víóla  
Þórdís Gerður Jónsdóttirselló



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 15. ágúst 2023 kl. 20:30

# Wolfgang Amadeus Mozart

1756 - 1791

## Flautukvartettar

- K. 285 í D dúr *Allegro*  
*Adagio*  
*Rondeau*
- K. 285a í G dúr *Andante*  
*Tempo di Menuetto*
- K. 285b í C dúr *Allegro*  
*Andantino*    *Thema & Variazioni*
- K. 298 í A dúr *Andante*    *Thema & Variazioni*  
*Menuetto*  
*Rondeau*    *Allegretto grazioso mà non troppo presto, però non troppo adagio. Così-così con molto garbo ed espressione.*

Er Mozart dvaldi í Mannheim veturinn 1777-78 var hann kynntur fyrir ríkum hollenskum áhugaflautuleikara, DeJean að nafni sem pantaði hjá Mozart þrjá stutta og einfalda konserta og nokkra kvartetta. Mozart er sagður hafa tekið þessu fremur létt og samdi eingöngu tvo konserta og tvo kvartetta sem síðar fengu númerin K. 285 í D dúr og K. 285a í G dúr. Annar konsertanna var reyndar umritun á óbókonsert sem hann hafði samið í Salzburg nokkrum mánuðum fyrr. Þegar Hollendingurinn greiddi aðeins helming af uppsettu verði varð Mozart ósáttur eins og kemur fram í bréfum hans til föður síns.

G dúr kvartettin var fyrst gefinn út sem hluti af D dúr kvartettinum. Það var ekki fyrr en 1938 að hann var gefinn út sem sérstakt verk.

C dúr kvartettinn er talinn vera frá um það bil 1780, og ef til vill saminn fyrir Hollendinginn DeJean. Fjórum árum síðar notaði Mozart seinni þáttinn sem sjötta þátt B-dúr serenöðunnar K. 361/370a fyrir þrettán blásara.

Áður var talið að A dúr kvartettinn væri frá sama tíma og G og D dúr kvartettarnir, en nú er álitid að hann hafi verið saminn síðar, í fyrsta lagi haustið 1786, en þá bjó Mozart í Vínarborg.

**Freyr Sigurjónsson** flautuleikari lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólannum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám við Royal Northern College of Music (RNCM) í Manchester. Meðal leiðbeinenda hans voru Trevor Wye, William Bennett og Patricia Morris. Að loknu diplomaprófi frá RNCM 1982 var hann ráðinn fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao á Spáni og starfaði þar óslitið í 40 ár. Freyr hefur leikið með hljóm-sveitum og kammersveitum víða um Evrópu og í Japan, bæði sem einleikari og fyrsti flautuleikari til dæmis með útvarpshljómsveitinni í Madrid og kammersveitinni Moskvu Virtuosi. Flautukonsert eftir Carl Nielsen heyrðist í fyrsta sinni í Bilbao 1986, þá í flutningi Freys, en átta árum áður hafði hann frumflutt konsertinn á Íslandi. Hörpu- og flautukonsert Mozarts er einnig vinsæll í flutningi Freys og hefur hann leikið hann með mjög virtum hörpuleikurum, þeim Marisa Robles, Maria Rosa Calvo-Manzano og Marion Desguace.

Freyr er eftirsóttur kennari og hefur kennt á fjölmörgum námskeiðum á Spáni og Trinity Laban tónlistarháskólann í Greenwich á Englandi. Sem prófessor við J.C. Arriaga tónlistarháskólann í Bilbao var Frey falið að setja saman kennsluskrá fyrir nám í þverflautuleik frá grunnnámi til útskriftar á háskólastigi. Í október 2020 fékk Freyr tækifæri til að flytja flautukonsert sem Jón Ásgeirsson hafði samið og tileinkað Frey 1999. Var þetta frumflutningur á verkinu utan Íslands með Sinfóníuhljómsveit Bilbao undir stjórn bandaríska stjórnandans, Erik Nielsen.

**Hlíf Sigurjónsdóttir** er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

**Martin Frewer** fæddist í bænum Dartford í úthverfi Lundúna og hóf að læra á píanó sex ára gamall í Dorset og nokkru síðar einnig á fiðlu. Hann stundaði nám í Oxford University, þaðan sem hann útskrifaðist með gráðu í stærðfræði, en samtímis sótti hann fiðlutíma hjá Yfrah Neaman. Eftir útskrift frá Oxford hélt hann áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Martin hefur sótt tíma og tekið þátt í opnum kennslustundum hjá Igor Ozim, Martin Loveday, Eric Gruenberg, Almita og Roland Vamos, Peter Guth, Ake Lundeberg og Lin Yaoti.

Árið 1983 var Martin ráðinn til starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur búið hér síðan og unnið jöfnum höndum að hönnun tölvuhugbúnaðar og fiðluleik. Hann starfar nú sem hugbúnaðarverkfræðingur hjá Marel og leikur með sem lausamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er mjög laginn útsetjari og er stofnandi og leiðtogi kammersveitarinnar Spiccato.

**Pórdís Gerður Jónsdóttir** er sellóleikari sem hefur þá sérstöðu að leika jöfnum höndum sígilda tónlist og jazz. Sígildan sellóleik nam hún við Listaháskóla Íslands á árunum 2014-2017 og í Det jyske Musikkonservatorium í Árósum, en þaðan lauk hún meistaraþráðu sumarið 2021. Pórdís lauk burtfararprófi frá jazzdeild Tónlistarskóla FÍH vorið 2015 en í náminu lagði hún áherslu á spuna og tónsmíðar. Pórdís er stofnmeðlimur kammerhópsins Cauda Collective og kemur víða fram sem sellóleikari. Hún gaf út hljómplötuna Vistir með hennar eigin tónsmíðum og útsetningum vorið 2021.

Árið 2014 lauk Pórdís námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og viðbótardiplómu í lýðheilsuvísindum vorið 2019. Hún starfar á Bráðamótöku Barnaspítala Hringins á milli tónleika.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana  
The Museum café is open after the concert  
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ*